

Nd.

211. Frumvarp til laga

um fjárhagsár ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Fjárhagsár ríkisins skal vera frá 1. júlí til 30. júní.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði um stundarsakir:

Breyting á fjárhagsárinu skal hefjast 1. júlí 1944. Næstu fjárlög skulu sett fyrir fjárhagstímabilið 1. janúar til 30. júní 1944, að báðum dögum meðtöldum. Ríkisreikningurinn skal gerður fyrir það tímabil.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Fyrsta áætlun um tekjur og útgjöld Íslands, eftir að löggjafarvaldið er að nýju fengið 1874, er gerð 6. nóv. það ár, og er það tekið fram, að hún sé fyrir reikningsárið 1. janúar til 31. desember 1875. Fyrsti landsreikningur er gefinn út sama dag og er fyrir tímabilið frá 1. apríl til 31. desember 1873. Svo virðist sem fjárhagsárið í Danmörku hafi þá verið frá 1. apríl til 31. marz, svo sem það er nú, en ástæðan fyrir því, að almanaksárið er þá látið vera fjárhagsár á Íslandi, er ekki kunn.

Síðan hefur fjárhagsárið ætíð verið almanaksárið.

Fjárhagsárinu virðist mega breyta á þann hátt að ákveða í fjárlögum annað tímabil en almanaksárið, en með því að hér er um mikilsvert atriði að ræða, sem verkar á ýmsan hátt á margs konar framkvæmdastarfsemi, þykir rétt að vekja athygli á því með því að flytja frumvarp sérstaklega um fjárhagsár ríkisins.

Samkvæmt stjórnskipunarlögum skal nú leggja fyrir reglulegt Alþingi, er kemur saman í miðjum febrúar ár hvert, frumvarp til fjárlaga fyrir næsta almanaksár á eftir. Það er nú orðið næsta ógerlegt að áætla tekjur og gjöld ríkisins svo langt fram í tímann. Fjárlagafrumvörpin verða því að mörgu leyti handahóf. Á þessu má ráða mikla bót með því að flytja áætlunartímabilið hálfu ári nær því, að áætlað er. Auk þessa mundi, ef þetta fjárhagsár yrði lögfest, ríkisreikningur fyrir næsta fjárhagsár á undan geta verið fullbúinn og prentaður fyrir miðjan febrúar. Fengi Alþingi þá ríkisreikning hálfu ári yngri en nú.

Fjárhagsár Stóra-Bretlands og Danmerkur eru frá 1. apríl til 31. marz, en fjárhagsár Bandaríkjanna, Svíþjóðar og Noregs frá 1. júlí til 30. júní.

Að athuguðu máli virðist tímabilið frá 1. júlí til 30. júní heppilegasta fjárhagstímabilið hér.